

# Tálknafjarðarhreppur

## Ársreikningur 2019

Tálknafjarðarhreppur  
Strandgötu 38  
460 Tálknafjörður

Kt. 640269-6779

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 372,4 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 315,7 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,5%, en lögbundið hámark er það sama. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 13,4 millj. kr., en rekstarniðurstaða A hluta var neikvæð um 26,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam 277,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 214,2 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gegnur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjaldþaga og aukinni útgjalda. Sjá nánar í skýringu 18.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Tálknafirði, 22/4 2020

Sveitarstjóri:



Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Tálknafirði, 9.6 2020

Sveitarstjórn:

Bjarnveig Guðlaug  
Guðni Ólafsson  
Berglind Eir Egilsd.  
Lilja Magnúsdóttir  
Þjörgvin S. Karaldsson.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Ti sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2019, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóri að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningssskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 9/6 2020

**KPMG ehf.**

Haraldur Ólafur Reynisson

## Rekstrarreikningur ársins 2019

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur	Áætlun 2019	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2019	Ársreikningur	
	2019	með viðaukum	2018	2019	með viðaukum	2018	
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	158.368	164.474	151.803	157.131	163.974	150.674
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	104.432	117.527	205.844	104.432	117.527	205.844
Aðrar tekjur .....	4	52.860	52.072	34.912	110.833	78.509	68.085
		<u>315.660</u>	<u>334.073</u>	<u>392.559</u>	<u>372.396</u>	<u>360.010</u>	<u>424.603</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	172.048	190.828	96.474	181.055	198.095	106.880
Annar rekstrarkostnaður .....		150.981	136.441	207.568	164.171	132.285	234.012
		<u>323.029</u>	<u>327.270</u>	<u>304.043</u>	<u>345.227</u>	<u>330.380</u>	<u>340.892</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir afskriftir .....		( 7.369 )	6.804	88.517	27.169	29.629	83.711
Afskriftir .....	8	( 14.217 )	( 9.663 )	( 11.707 )	( 24.043 )	( 18.891 )	( 21.781 )
Rekstrarniðurstaða (neikvæða) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		( 21.586 )	( 2.859 )	76.810	3.126	10.738	61.930
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( 4.763 )	( 2.649 )	( 8.344 )	( 16.498 )	( 16.437 )	( 21.555 )
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....</b>	<b>13</b>	<b>( 26.350 )</b>	<b>( 5.508 )</b>	<b>68.466</b>	<b>( 13.372 )</b>	<b>( 5.697 )</b>	<b>40.375</b>

# Efnahagsreikningur

		<b>Eignir</b>			
		<b>A hluti</b>		<b>A og B hluti</b>	
<b>Skýr.</b>		<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir, lóðir og lendur .....	213.163	219.348	319.889	333.393
	Veitur, götur og hafnarmannvirki .....	2.200	2.383	138.797	126.671
	Vélar, áhöld og tæki .....	38.314	41.895	44.918	49.674
8		<u>253.676</u>	<u>263.626</u>	<u>503.604</u>	<u>509.739</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ...	9 49.422	49.422	24.413	24.413
	Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs ....	10 10.744	11.185	10.744	11.185
	Langtímakröfur .....	11 1.781	2.099	3.318	3.714
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11 89.523	93.902	0	0
		<u>151.470</u>	<u>156.608</u>	<u>38.475</u>	<u>39.312</u>
	Fastafjármunir	<u>405.146</u>	<u>420.235</u>	<u>542.079</u>	<u>549.051</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar tekjur .....	12 19.937	30.892	29.869	41.677
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	82.873	81.343	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	11 6.783	6.221	0	0
	Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	11 400	293	532	421
	Aðrar skammtímakröfur .....	4.306	6.327	6.334	10.151
	Næsta árs gjaldf. v. Brúar lífeyrissjóðs ....	10 441	441	441	441
	Handbært fé .....	3j 11.285	27.495	11.288	27.498
	Veltufjármunir	<u>126.024</u>	<u>153.012</u>	<u>48.463</u>	<u>80.187</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>531.170</u>	<u>573.246</u>	<u>590.542</u>	<u>629.238</u>

## 31. desember 2019

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	214.224	240.571	277.338	290.707
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	14	223.783	237.962	256.775	283.454
		223.783	237.962	256.775	283.454
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		40.928	44.477	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	17.989	19.207	20.840	22.186
Aðrar skammtímaskuldir .....		34.246	31.029	35.588	32.891
		93.163	94.713	56.428	55.077
Skuldir samtals		316.946	332.675	313.204	338.531
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		531.170	573.246	590.542	629.238
Ábyrgðir og skuldbindingar					
utan efnahagsreiknings .....	16				

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	13	( 26.350 )	( 5.509 )	68.466	( 13.372 )	( 5.701 )	40.375
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	14.217	9.663	11.707	24.043	18.890	21.781
Verðbætur .....		1.218	1.058	321	4.667	6.342	4.816
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....		0	0	0	( 8.449 )	0	156
Veltufé (til) frá rekstri		( 10.914 )	5.211	80.494	6.889	19.531	67.128
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		10.955	0	2.282	11.808	0	21.775
Aðrar skammtímakröfur, breyting .....		2.022	0	( 2.444 )	3.817	0	( 3.887 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		3.217	0	( 10.821 )	2.697	0	( 10.818 )
Fyrirframgreiðsla v. uppgjörs við Brú, breyting .....	10	441	407	( 11.626 )	441	407	( 11.626 )
Samtals		16.634	407	( 22.609 )	18.764	407	( 4.556 )
Handbært fé frá rekstri		5.720	5.618	57.885	25.654	19.938	62.572
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm. .	8	( 4.267 )	( 4.000 )	( 35.561 )	( 21.559 )	( 18.878 )	( 35.561 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....		0	0	0	12.100	0	4.620
Langtímakröfur, breyting .....	11	269	297	333	389	297	490
Langtímakröfur á eigin fyrirt., breyting...	11	6.491	9.955	6.050	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		2.494	6.252	( 29.178 )	( 9.069 )	( 18.581 )	( 30.451 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		0	0	( 42.869 )	0	0	( 42.869 )
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, br. ....		( 5.078 )	( 10.976 )	285	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....		0	0	58.030	0	0	58.030
Afborganir langtímalána .....	14	( 19.345 )	( 19.814 )	( 17.807 )	( 32.796 )	( 23.157 )	( 20.937 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 24.423 )	( 30.789 )	( 2.360 )	( 32.796 )	( 23.157 )	( 5.775 )
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		( 16.209 )	( 18.917 )	26.346	( 16.210 )	( 21.798 )	26.346
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		27.495	28.880	1.148	27.498	28.881	1.151
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		11.285	9.964	27.495	11.288	7.083	27.498

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Tálknafjarðarhreppur er sveitarfélag á Vestfjörðum og voru íbúar þess 252 þann 1. desember 2019. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Strandgötu 38 á Tálknafirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáætlunar og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Tálknafjarðarhrepps árið 2019 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Hitaveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir og Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður ehf..

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### **3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.**

#### **d. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting í gatnagerð og veitukerfum er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum og tengigjöldum.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er færð á eiginfjárreikning.

#### **e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna**

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	40 ár
Veitur, götur og hafnarmannvirki.....	25-40 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	7-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### **f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýmnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### **g. Langtímakröfur**

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### **h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs**

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A- deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### **i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur**

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### **j. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### **k. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### **l. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og önnur mál**

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

#### **m. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 20 og 21.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar.....	140.953	147.228	136.971	140.953	147.228	136.971
Fasteignaskattur.....	13.811	14.174	11.849	12.574	13.674	10.721
Lóðarleiga.....	3.604	3.072	2.983	3.604	3.072	2.983
	<u>158.368</u>	<u>164.474</u>	<u>151.803</u>	<u>157.131</u>	<u>163.974</u>	<u>150.674</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag vegna fasteignaskatts.....	24.315	23.983	23.239	24.315	23.983	23.239
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	29.190	49.105	138.803	29.190	49.105	138.803
Framlög vegna grunnskóla.....	49.437	43.659	41.803	49.437	43.659	41.803
Önnur framlög.....	1.490	780	2.000	1.490	780	2.000
	<u>104.432</u>	<u>117.527</u>	<u>205.844</u>	<u>104.432</u>	<u>117.527</u>	<u>205.844</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>262.800</u>	<u>282.001</u>	<u>357.647</u>	<u>261.563</u>	<u>281.501</u>	<u>356.518</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	52.860	52.072	34.912	110.833	78.509	68.085
	<u>52.860</u>	<u>52.072</u>	<u>34.912</u>	<u>110.833</u>	<u>78.509</u>	<u>68.085</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>315.660</u>	<u>334.073</u>	<u>392.559</u>	<u>372.396</u>	<u>360.010</u>	<u>424.603</u>

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	140.008	152.788	75.512	147.349	158.696	83.967
Launatengd gjöld .....	31.432	36.289	16.550	33.035	37.648	18.502
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	441	0	2.322	441	0	2.322
Annar áfallinn launakostn., breyt...	167	1.751	2.090	230	1.751	2.089
Laun og launat. gjöld samtals .....	<u>172.048</u>	<u>190.828</u>	<u>96.474</u>	<u>181.055</u>	<u>198.095</u>	<u>106.880</u>
				<b>2019</b>	<b>2018</b>	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				29,0	22,0	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				18,2	10,2	
Ársverk.....				19,0	9,4	
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....				20.622	16.719	

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Vaxtatekjur og verðbætur.....	379	17.448	251	465	15.415	344
Arður af eignarhlutum.....	860	0	780	860	0	780
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 14.855 )	( 26.140 )	( 18.991 )	( 17.823 )	( 31.854 )	( 22.678 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	8.853	6.043	9.616	0	0	0
Fjármunat. og (fjármagnsgj.) samt.....	( 4.763 )	( 2.649 )	( 8.344 )	( 16.498 )	( 16.439 )	( 21.555 )

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	267.506	284.701	362.180
Félagsþjónusta .....	( 14.004 )	( 13.716 )	( 11.352 )
Heilbrigðismál .....	( 498 )	( 81 )	( 870 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 137.072 )	( 153.027 )	( 143.052 )
Menningarmál .....	( 9.271 )	( 9.316 )	( 9.908 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 69.965 )	( 64.068 )	( 65.917 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 6.039 )	( 6.953 )	( 4.954 )
Hreinlætismál .....	2.212	1.991	3.879
Skipulags- og byggingarmál .....	( 7.641 )	( 2.178 )	( 5.319 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 7.218 )	( 10.091 )	( 9.028 )
Umhverfismál .....	( 10.288 )	( 9.923 )	( 9.842 )
Atvinnumál .....	( 359 )	( 1.180 )	( 1.038 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 56.096 )	( 56.343 )	( 57.049 )
Viðbótarframlag til A deildar Brúar lífeyrissjóðs .....	( 441 )	( 407 )	( 2.322 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 9.831 )	( 8.539 )	( 12.698 )
Aðalsjóður samtals .....	( 59.006 )	( 49.129 )	32.711
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	43.388	46.943	43.416
Þjónustustöð .....	( 10.731 )	( 3.322 )	( 7.661 )
A hluti samtals .....	( 26.350 )	( 5.508 )	68.466
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Hafnarsjóður .....	1.272	( 2.446 )	( 23.792 )
Vatnsveita .....	6.623	6.116	4.246
Fráveita .....	6.441	3.794	6.046
Hitaveita .....	( 4.184 )	( 5.563 )	( 6.594 )
Félagslegar íbúðir .....	7.332	( 373 )	( 566 )
Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður .....	( 4.507 )	( 1.716 )	( 7.432 )
A og B hluti .....	( 13.372 )	( 5.697 )	40.375

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2019 .....	439.276	4.580	63.162	507.018
Afskrifað áður .....	( 219.929 )	( 2.197 )	( 21.267 )	( 243.393 )
Bókfært verð 1.1.2019 .....	219.348	2.383	41.895	263.626
Viðbót á árinu .....	1.888	0	2.379	4.267
Afskrifað á árinu .....	( 8.073 )	( 183 )	( 5.961 )	( 14.217 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	213.163	2.200	38.314	253.676
Heildarverð 31.12.2019 .....	441.164	4.580	65.541	511.285
Afskrifað samtals .....	( 228.002 )	( 2.380 )	( 27.228 )	( 257.610 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	213.163	2.200	38.314	253.676
Afskriftarhlutföll .....	0,0 - 2,5%	4,0%	20,0%	
<b>Veitur, götur og hafnar- mannvirki</b>				
	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitur, götur og hafnar- mannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2019 .....	569.886	247.314	76.449	893.649
Afskrifað áður .....	( 236.492 )	( 120.644 )	( 26.775 )	( 383.911 )
Bókfært verð 1.1.2019 .....	333.393	126.671	49.674	509.739
Viðbót á árinu .....	1.888	16.980	2.691	21.559
Selt, fært út á árinu .....	( 10.415 )	0	0	( 10.415 )
Afskrifað á árinu .....	( 11.742 )	( 4.854 )	( 7.447 )	( 24.043 )
Afskriftir, fært út á árinu .....	6.764	0	0	6.764
Bókfært verð 31.12.2019 .....	319.889	138.797	44.918	503.604
Heildarverð 31.12.2019 .....	561.359	264.294	79.140	904.793
Afskrifað samtals .....	( 241.470 )	( 125.498 )	( 34.222 )	( 401.190 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	319.889	138.797	44.918	503.604
Afskriftarhlutföll .....	0,0 - 2,5%	4,0%	20,0%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu greinist þannig:

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Mismunur við áætlun
<b>A hluti:</b>			
<b>Fasteignir:</b>			
Grunnskóli Tálknafjarðar .....	2.379	0	2.379
Íþróttarhús .....	0	2.000	(2.000)
Slökkvistöð .....	0	2.000	(2.000)
Strandgata 48 .....	1.888	0	1.888
	<u>4.267</u>	<u>4.000</u>	<u>267</u>
A hluti samtals .....	<u>4.267</u>	<u>4.000</u>	<u>267</u>
<b>B hluti</b>			
<b>Hafnarsjóður:</b>			
Vigt .....	311	0	311
	<u>311</u>	<u>0</u>	<u>311</u>
<b>Fráveita</b>			
Eignfærður framkvæmdakostnaður .....	16.980	14.878	2.102
	<u>16.980</u>	<u>14.878</u>	<u>2.102</u>
B hluti samtals .....	<u>17.291</u>	<u>14.878</u>	<u>2.413</u>
Samtals A og B hluti .....	<u>21.559</u>	<u>18.878</u>	<u>2.680</u>

#### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2019:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	994.450	1.158.360
Fasteignamat.....	315.044	368.611
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	59.512	60.426
Vátryggingaverðmæti hafna.....	0	661.956
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	225.157

## 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Landskerfi bókasafna ehf. ....	0,10%	0,10%	172	172
Iceland Sea Angling hf.....	2,60%	2,60%	4.452	4.452
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	0,20%	0,20%	17.789	17.789
Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag.....	0,88%	0,88%	2.000	2.000
Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður ehf.....	100%	0%	25.009	0
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			<u>49.422</u>	<u>24.413</u>

## 10. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjör við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	A hluti	A og B hluti
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	11.626	11.626
Gjaldfært á árinu.....	(441)	(441)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>11.185</u>	<u>11.185</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	441	441
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	10.744	10.744
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>11.185</u>	<u>11.185</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	9.619	9.619
Framlag í varúðarsjóð.....	1.566	1.566
	<u>11.185</u>	<u>11.185</u>

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.

## Skýringar, frh.:

### 11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	100.123	2.391	4.134
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 6.491 )	( 269 )	( 389 )
Verðbætur.....	2.674	59	104
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	96.306	2.180	3.849
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	( 6.783 )	( 400 )	( 532 )
	89.523	1.781	3.318
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:			
Árið 2020.....	6.783	400	532
Árið 2021.....	7.089	300	432
Árið 2022.....	7.408	300	432
Árið 2023.....	7.741	300	432
Árið 2024.....	8.089	300	432
Afborgun síðar.....	59.196	580	1.589
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	96.306	2.180	3.849

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

### 12. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur, heild.....	23.594	23.594
Niðurfærsla óinnheimtra skattekna.....	( 10.900 )	( 10.900 )
Óinnheimtar skatttekjur að frádreginni niðurfærslu.....	12.694	12.694
Óinnheimtar aðrar tekjur, heild.....	7.303	32.530
Niðurfærsla óinnheimta annarra tekna.....	( 60 )	( 15.355 )
Óinnheimtar aðrar tekjur að frádreginni niðurfærslu.....	7.243	17.175
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	19.937	29.869

Niðurfærsla óinnheimtra tekna greinist þannig:

	A hluti			B hluti	A og B hluti
	Skatttekjur	Aðrar tekjur	Samtals	Aðrar tekjur	Samtals
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	6.151	1.620	7.771	14.294	22.065
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	4.749	( 1.560 )	3.189	1.001	4.190
Niðurfærsla í árslok .....	10.900	60	10.960	15.295	26.255

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2019 .....	240.571	290.707
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) .....	( 26.350 )	( 13.372 )
Eigið fé 31.12.2019 .....	214.224	277.338

## Skýringar, frh.:

### 14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Önnur lán	Samtals
<b>A hluti:</b>			
Staða lána í ársbyrjun .....	133.335	123.834	257.169
Afborganir af lánum .....	( 9.012)	( 10.333)	( 19.345)
Verðbætur .....	3.947	0	3.947
	128.270	113.501	241.771
Næsta árs afborganir.....	( 7.656)	( 10.333)	( 17.989)
Langtímaskuldir í árslok .....	120.614	103.168	223.783

#### A og B hluti:

Staða lána í ársbyrjun .....	181.866	123.774	305.640
Afborganir af lánum .....	( 22.392)	( 10.404)	( 32.796)
Verðbætur .....	4.770	0	4.770
	164.244	113.370	277.614
Næsta árs afborganir.....	( 10.429)	( 10.410)	( 20.840)
Langtímaskuldir í árslok .....	153.815	102.960	256.775

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2020.....	17.989	20.840
Árið 2021.....	18.153	21.137
Árið 2022.....	18.322	21.463
Árið 2023.....	18.497	21.801
Árið 2024.....	18.677	22.154
Síðar.....	150.133	170.219
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	241.771	277.614

### Veðsetningar

Fasteignir í eigu Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. að bókfærðu virði 11,0 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 3,6 millj. kr. í árslok 2019. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 244,6 millj. kr. í árslok 2019.

### Ofanlóðasjóðslán

Sveitarfélagið tók lán á árinu 2016 hjá Ofanlóðasjóði til fjármögnunar á framkvæmdum við snjóflóðavarnargarða. Lánin eru veitt sbr. 13. gr. laga nr. 49/1997. Lánstími er 15 ár og ber það 5,5% vexti. Endurgreiðsla lánsins, þar með taldir vextir og verðbætur, skulu aldrei nema hærri fjárhæð en 1% af höfuðstól láns, ásamt vöxtum og verðbótum auk 0,15% af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu að viðbættum 50% af hreinum tekjum sveitarfélagsins af sölu eða leigu á eignum sveitarfélagsins sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 49/1997. Það sem eftir stendur af lánum, í lok lánstíma, fellur niður. Í reikningsskilum sveitarfélagsins eru lánin færð á núvirtu áætluðu greiðsluflæði til lokadags viðkomandi lána. Afföll við upphaf lántöku eru færð sem framlag ríkissjóðs og koma til lækkunar á framkvæmdakostnaði ofanlóðamannvirkja á viðkomandi ári.

### 15. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	531.170	316.946	214.224
Hafnarsjóður .....	100%	56.664	23.352	33.312
Vatnsveita .....	100%	40.230	0	40.230
Hitaveita .....	100%	71.802	100.343	( 28.542 )
Fráveita .....	100%	27.380	0	27.380
Félagslegar íbúðir .....	100%	0	2.608	( 2.608 )
Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður .....	100%	108.478	90.127	18.351
Bakfærðir eignarhlutir í B hluta .....		( 25.009 )		( 25.009 )
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 220.173 )	( 220.173 )	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		<u>590.542</u>	<u>313.203</u>	<u>277.337</u>

### 16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlagsins í samræmi við íbúatölu 1. janúar ár hvert.

### 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 18. Covid-19

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert. Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði hefur sveitarfélagið tiltækt handbært fé auk aðgangs að lánsfé. Það er hins vegar ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2020 eru að miklu leyti brostnar og er nú unnið að breytingum á henni.

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Aætlun m.		Ársreikningar				
	viðaukum		2019	2018	2017	2016	2015
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>							
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	82.738	61.896	44.539	( 32.228 )	( 39.475 )	4.426	
Skuldaviðmið, skv. reglugerð* .....	53%	57%	43%	102%	125%	76%	
<b>Ýmsar lykiltölur</b>							
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>							
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	2,0 %	( 2,3% )	22,5 %	13,2 %	( 5,1% )	2,7 %	
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 1,6% )	( 8,3% )	17,4 %	6,1 %	( 13,8% )	( 3,0% )	
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	1,6 %	( 3,5% )	20,5 %	8,4 %	( 13,0% )	0,3 %	
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	1,2 %	1,4 %	9,1 %	3,1 %	3,6 %	8,6 %	
Skuldahlutfall.....	96,3 %	100,4 %	84,7 %	101,7 %	124,5 %	75,8 %	
<b>Önnur hlutföll</b>							
Langtímaskuldir í hlutfalli við							
veltufé frá rekstri mælt í árum .....	42,73	( 20,50 )	2,96	7,15	( 6,25 )	180,67	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við							
afborganir skulda og skuldbindinga.....	0,26	( 0,56 )	4,52	1,12	( 1,60 )	0,04	
Veltufjárhluftall .....	1,47	1,35	1,62	0,85	0,72	0,59	
Eiginfjárhluftall .....	39,6 %	40,3 %	42,0 %	32,5 %	28,5 %	46,1 %	
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>							
Útsvar .....	44,1 %	44,7 %	34,9 %	39,6 %	46,7 %	45,2 %	
Fasteignaskattur .....	4,2 %	4,4 %	3,0 %	3,4 %	3,5 %	3,5 %	
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	35,2 %	33,1 %	52,4 %	44,7 %	37,2 %	36,9 %	
Lóðarleiga.....	0,9 %	1,1 %	0,8 %	0,8 %	1,0 %	1,0 %	
Skatttekjur samtals.....	84,4 %	83,3 %	91,1 %	88,6 %	88,4 %	86,6 %	
Aðrar tekjur .....	15,6 %	16,7 %	8,9 %	11,4 %	11,6 %	13,4 %	
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	
Laun og launatengd gjöld .....	( 57,1% )	( 54,5% )	( 24,6% )	( 18,8% )	( 24,7% )	( 24,2% )	
Annar rekstrarkostnaður .....	( 40,8% )	( 47,8% )	( 52,9% )	( 68,0% )	( 80,3% )	( 73,2% )	
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	2,0 %	( 2,3% )	22,5 %	13,2 %	( 5,1% )	2,7 %	
Afskriftir .....	( 2,9% )	( 4,5% )	( 3,0% )	( 3,4% )	( 3,9% )	( 3,0% )	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 0,8% )	( 1,5% )	( 2,1% )	( 3,7% )	( 4,9% )	( 2,6% )	
Óvenjulegir liðir.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	( 2,9% )	0,0 %	
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 1,6% )	( 8,3% )	17,4 %	6,1 %	( 13,8% )	( 3,0% )	

\* Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018)

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun m. viðaukum		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.119	1.043	1.381	1.179	977	889
Aðrar tekjur .....	207	210	135	152	129	138
Laun og launatengd gjöld .....	( 757 )	( 683 )	( 372 )	( 251 )	( 273 )	( 248 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 541 )	( 599 )	( 801 )	( 905 )	( 888 )	( 752 )
Afskriftir.....	( 38 )	( 56 )	( 45 )	( 45 )	( 43 )	( 31 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 11 )	( 19 )	( 32 )	( 50 )	( 54 )	( 27 )
Óvenjulegir liðir.....	0	0	0	0	( 32 )	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	( 22 )	( 105 )	264	81	( 185 )	( 31 )
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.115	2.108	2.213	2.006	1.926	1.445
Eigið fé .....	838	850	929	652	549	666
Skuldir og skuldbindingar .....	1.277	1.258	1.284	1.354	1.377	779
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	21	( 43 )	311	112	( 144 )	3
Handbært fé frá rekstri.....	22	23	223	146	( 151 )	40
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	252	252	259	245	236	268

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Aætlun m. viðaukum		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	67.083	59.409	27.605	( 13.836 )	( 10.874 )	26.807
Skuldaviðmið, skv. reglugerð* .....	69%	68%	58%	89%	124%	87%
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	8,2 %	7,3 %	19,7 %	19,4 %	2,4 %	9,0 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 1,6% )	( 3,6% )	9,5 %	8,2 %	( 15,3% )	( 0,3% )
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	5,4 %	1,9 %	15,8 %	12,9 %	( 8,5% )	3,7 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	5,2 %	5,8 %	8,4 %	5,9 %	25,7 %	38,4 %
Skuldahlutfall.....	91,0 %	84,1 %	79,7 %	88,6 %	123,8 %	87,3 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum .....	13,63	37,27	4,22	4,77	( 10,42 )	14,67
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	0,84	0,21	3,21	1,84	( 1,06 )	0,52
Veltufjárhluftall .....	1,31	0,86	1,46	0,67	0,27	0,32
Eiginfjárhluftall .....	46,5 %	47,0 %	46,2 %	40,5 %	34,7 %	47,3 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	40,9 %	37,9 %	32,3 %	32,7 %	41,2 %	40,1 %
Fasteignaskattur .....	3,8 %	3,4 %	2,5 %	2,5 %	3,1 %	2,8 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	32,6 %	28,0 %	48,5 %	36,9 %	32,8 %	32,8 %
Lóðarleiga.....	0,9 %	1,0 %	0,7 %	0,7 %	0,9 %	0,9 %
Skatttekjur samtals.....	78,2 %	70,2 %	84,0 %	72,7 %	77,9 %	76,5 %
Aðrar tekjur .....	21,8 %	29,8 %	16,0 %	27,3 %	22,1 %	23,5 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 55,0% )	( 48,6% )	( 25,2% )	( 17,3% )	( 22,7% )	( 22,6% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 36,7% )	( 44,1% )	( 55,1% )	( 63,4% )	( 74,9% )	( 68,4% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	8,2 %	7,3 %	19,7 %	19,4 %	2,4 %	9,0 %
Afskriftir .....	( 5,2% )	( 6,5% )	( 5,1% )	( 5,1% )	( 6,2% )	( 4,9% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 4,6% )	( 4,4% )	( 5,1% )	( 6,0% )	( 8,9% )	( 4,5% )
Óvenjulegir liðir.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	( 2,6% )	0,0 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 1,6% )	( 3,6% )	9,5 %	8,2 %	( 15,3% )	( 0,3% )

\* Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018)

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

Í þúsundum krónum á íbúa:	Áætlun m.	Ársreikningar				
	viðaukum	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.117	1.038	1.377	1.173	977	886
Aðrar tekjur .....	312	440	263	440	277	272
Laun og launatengd gjöld .....	( 786 )	( 718 )	( 413 )	( 279 )	( 285 )	( 261 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 525 )	( 651 )	( 904 )	( 1.023 )	( 940 )	( 792 )
Afskriftir.....	( 75 )	( 95 )	( 84 )	( 83 )	( 77 )	( 56 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 65 )	( 65 )	( 83 )	( 97 )	( 112 )	( 52 )
Óvenjulegir liðir.....	0	0	0	0	( 32 )	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	( 23 )	( 53 )	156	132	( 191 )	( 4 )
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.428	2.343	2.429	2.401	2.380	1.921
Eigið fé .....	1.128	1.101	1.122	971	827	909
Skuldir og skuldbindingar .....	1.299	1.243	1.307	1.429	1.553	1.011
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	78	27	259	209	( 107 )	42
Handbært fé frá rekstri.....	79	102	242	123	( 163 )	142
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	252	252	259	245	236	268

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2019	Hlutfall af skattt.	2018	Hlutfall af skattt.	2017	Hlutfall af skattt.
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur .....	267.506	100,0%	362.180	100,0%	292.773	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 14.004 )	5,2%	( 11.352 )	3,1%	( 10.411 )	3,6%
Heilbrigðismál .....	( 498 )	0,2%	( 870 )	0,2%	( 88 )	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 137.072 )	51,2%	( 143.052 )	39,5%	( 141.375 )	48,3%
Menningarmál .....	( 9.271 )	3,5%	( 9.908 )	2,7%	( 7.880 )	2,7%
Æskulyðs- og íþróttarmál .....	( 69.965 )	26,2%	( 65.917 )	18,2%	( 56.713 )	19,4%
Brunamál og almannavarnir .....	( 6.039 )	2,3%	( 4.954 )	1,4%	( 4.525 )	1,5%
Hreinlætismál .....	2.212	( 0,8% )	3.879	( 1,1% )	( 2.352 )	0,8%
Skipulags- og byggingarmál .....	( 7.641 )	2,9%	( 5.319 )	1,5%	( 1.637 )	0,6%
Umferðar- og samgöngumál .....	( 7.218 )	2,7%	( 9.028 )	2,5%	( 7.605 )	2,6%
Umhverfismál .....	( 10.288 )	3,8%	( 9.842 )	2,7%	( 9.144 )	3,1%
Atvinnumál .....	( 359 )	0,1%	( 1.038 )	0,3%	4.043	( 1,4% )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 56.096 )	21,0%	( 57.049 )	15,8%	( 46.705 )	16,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 9.831 )	3,7%	( 12.698 )	3,5%	( 16.640 )	5,7%
Viðbótarframlag til A deildar Brúar .....	( 441 )	0,2%	( 2.322 )	0,6%	( 5.736 )	2,0%
Aðalsjóður samtals	( 59.006 )	( 22,1% )	32.711	9,0%	( 13.997 )	( 4,8% )
<b>Aðrir sjóðir í A hluta</b>						
Eignasjóður .....	43.388	( 16,2% )	43.416	( 12,0% )	40.916	( 14,0% )
Þjónustumiðstöð .....	( 10.731 )	4,0%	( 7.661 )	2,1 %	( 7.140 )	2,4 %
A hluti samtals	( 26.350 )	( 9,9% )	68.466	18,9%	19.779	6,8%

## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	164.474	0	164.474	163.974	0	163.974
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	117.527	0	117.527	117.527	0	117.527
Aðrar tekjur .....	52.072	0	52.072	78.509	0	78.509
	<u>334.073</u>	<u>0</u>	<u>334.073</u>	<u>360.010</u>	<u>0</u>	<u>360.010</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	193.828	( 3.000 )	190.828	201.095	( 3.000 )	198.095
Annar rekstrarkostnaður .....	127.441	9.000	136.441	123.285	9.000	132.285
	<u>321.269</u>	<u>6.000</u>	<u>327.269</u>	<u>324.380</u>	<u>6.000</u>	<u>330.380</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	12.804	( 6.000 )	6.804	35.630	( 5.999 )	29.630
Afskriftir .....	( 9.663 )	0	( 9.663 )	( 18.890 )	( 1 )	( 18.891 )
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	3.141	( 6.000 )	( 2.859 )	16.740	( 6.000 )	10.740
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 2.649 )	0	( 2.649 )	( 16.437 )	0	( 16.437 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<u>492</u>	<u>( 6.000 )</u>	<u>( 5.508 )</u>	<u>304</u>	<u>( 6.000 )</u>	<u>( 5.697 )</u>

**21. Samanburður sjóðstreymisáætlana**

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða .....	492	( 6.000 )	( 5.508 )	304	( 6.000 )	( 5.697 )
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	9.663	0	9.663	18.890	0	18.890
Verðbætur .....	1.058	0	1.058	6.342	0	6.342
Veltufé frá rekstri	11.213	( 6.000 )	5.212	25.536	( 6.000 )	19.535
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiðsla Brúar, breyting .....	407	0	407	407	0	407
Samtals	407	0	407	407	0	407
Handbært fé frá rekstri	11.620	( 6.000 )	5.619	25.943	( 6.000 )	19.942
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum						
rekstrarfjármunum .....	( 4.000 )	0	( 4.000 )	( 16.000 )	( 2.878 )	( 18.878 )
Langtímakröfur breyting .....	297	0	297	297	0	297
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	9.955	0	9.955	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	6.252	0	6.252	( 15.703 )	( 2.878 )	( 18.581 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	( 10.976 )	0	( 10.976 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	( 19.814 )	0	( 19.814 )	( 23.157 )	0	( 23.157 )
Fjármögnunarhreyfingar	( 30.789 )	0	( 30.789 )	( 23.157 )	0	( 23.157 )
<b>Hækkun, (lækkun) á handb. fé.....</b>	( 12.918 )	( 6.000 )	( 18.916 )	12.918	( 8.878 )	( 21.794 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	28.880	0	28.880	28.881	0	28.881
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	15.962	( 6.000 )	9.965	15.963	( 8.878 )	7.087